

Matvælaráðuneytið
Skrifstofa landbúnaðar
Guðrún Sigríður Sigurjónsdóttir, sérfræðingur

Febrúar 2024

Ársskýrsla vegna ullarsöfnunar 2023

Ístex hf. fékk stuðning til ullarsöfnunar 2023 samkvæmt reglugerð nr. 1183/2017, III KAFLI ullarnýting. Í samningi við Matvælastofnun skal Ístex hf. skila ársskýrslu um ullarnýtingu fyrir tímabilið 1. nóvember 2022 til 31. október 2023. Ístex hf. telur sig að hafa uppfyllt öll þau skilyrði við söfnun sem bent er á í samningnum, þ.m.t. að útvega umbúðir til afhendingar, að sækja alla vinnsluhæfa ull á landinu og að áfram vinna yfir 30% af allri ull á Íslandi

Í upphafi ullarárs var skipt um þurrklínu á Blönduósi, bæði til að ná meiri hagkvæmni og nota umhverfisvænari máta. Gufuþurrkari sem var keyrður af olíu var skipt út fyrir þeytivindu og örbylgjuofn. Því miður tafðist uppsetning á tækjabúnaði fram til miðjan desember. Þetta tafði byrjun ullarsöfnunar, þar sem stærð á vöruhúsi miðar við að taka við ull og þvo á sama tíma. Einnig komu upp alvarlegar bilanir í lok janúar sem gerði það að verkum að stöðva þurfti nánast alla ullarsöfnun á meðan unnið var að viðgerðum. Það var ekki hægt að byrja ullarsöfnun aftur fyrr en í lok febrúar og á fullum krafti ekki fyrr en í lok mars/byrjun apríl. Þetta olli mörgum bændum verulegum óþægindum á þeim svæðum sem seinka þurfti að sækja haustull. Gripið var til þess ráðs að pakka óhreinni ull og þvo svo síðar um sumarið til að flýta fyrir.

Áfram var sterk eftirspurn í handprjónaband og mestur hluti ullarinnar var notaður í Mosfellsbæ fyrir slíka vinnslu.

Nýjungar

Sífelld er leitað leiða til að auka verðmæti og þekkingu á ull. Meðal verkefna sem Ístex gerði í ullarmálum voru.

- Styrkja rúningsnámsskeið á Vesturlandi.
- Útbúa skráningarkerfi sem reiknar út kolefnisfótspor ullarsöfnunar. Meðal kolefnisfótspor við söfnun var 0,1 kg CO₂ per kg af safnaðri ull eða á bili milli 0,04 til 0,4 kg CO₂ per kg af safnaðri ull.
- Setja upp þurrkkerfi sem sparar orku og gerði verksmiðjuna óháða bruna á eldsneytisgjafa. Ullarþvottur Ístex notar því bara heitt vatn frá hitaveitu og íslenska umhverfisvæna raforku.

Móttökustöðvar og umbúðir

Ístex setti upp söfnunarkerfi, eins og lýst var í umsókn og auglýst til bænda, m.a. í Bændablaðinu og á www.ullarmat.is. Það voru um 50.000 af þar til gerðum ullarpökum dreift til bænda í gegnum 20 umboðsmenn. Þá komu um 7 flutningsaðilar beint að ullarflutningum. Ullarframleiðandi, sem var lengra en 100 km frá söfnun, var samið við sérstaklega fyrir flutning á ullinni að söfnunarstað.

Ullarsöfnun

Ístex skuldbatt sig að safna allri vinnsluhæfri ull frá öllum framleiðendum sem þess óskuðu. Á tímabilinu safnaði Ístex hf. um 698 tonnum af ull frá 1.183 ullarframleiðendum um allt land. Það voru 1.016 aðilar sem lögðu inn haustull, en aðeins 167 aðilar lögðu aðeins inn vetrarull.

	Óhrein ull	Hrein ull
Snoð Hvítt	63.255	44.278
Hvít heilsársull	49.135	34.394
H-Lamb	24.175	19.340
H-1 Flokkur	160.122	128.098
H-2 Flokkur	151.420	121.136
H-2 Flokkur Lamb (lítið gölluð)	30.103	24.082
H-3 Hvítt	49.419	39.535
M-Svart	19.986	15.989
M-Grátt	22.804	17.880
M-Mórautt	9.164	7.331
M-Svart annar flokkur	9.138	6.904
M-Mórautt annar flokkur	4.781	3.591
M-2 Flokkur	94.704	72.377
M-2 Lamb mislit	7.436	5.949
Úrkast	2.022	2.022
Samtals	697.662	542.906

Ístex neitaði engum ullarframleiðenda um að taka á móti vinnsluhæfri ull frá þeim. Stærsti hluti þess sem var sett í úrkast (rúmlega 2 tonn), þar sem þau voru ekki hæf til vinnslu, var mikið þæfð ull, t.d. með snoð utan á eða með miklum skítakleprum. Engin vafamál fóru fyrir Ullarmatsnefnd. Frekari upplýsingar um ullarframleiðsluna má sjá í meðfylgjandi skýrslum úr Bændatorgi og af Ullarmati.is.

Íslensk vinnsla

Ístex keypti af bændum 543 tonn af hreinni ull. Mikil sala var á handprjónabandi, þannig að hlutfallið af ull sem fór til vinnslu hérlandis var vel yfir 30%. Einungis annar flokkur og lakari ull var seld erlendis.

Lærdómur

Það er nokkur atriði sem mætti taka til skoðunar til að bæta ullarsöfnunarferilinn. Þar mætti nefna

- Halda áfram að finna framtíðarform fyrir ullarmatsnefnd, lögverndun ullarmatsmanna og skoða hvort það sé grundvöllur fyrir flokkunarnámsskeiðum.
- Finna leiðir til að lækka kolefnisfótspor við ullarsöfnun.
- Finna leiðir til að lækka kostnað við ullarpoka og að þeir nýtist sem allra best.
- Minnka magn af úrkasti sem sent er í ullarþvottastöðina, þar sem það er kostnaðarsamt og skilur eftir sig óþarfa kolefnisfótspor. Skoða leiðir til að nýta slíkt úrkast frekar.

Lokaorð

Ístex hf setti upp ullarsöfnunarkerfi sem bæði uppfyllti þau skilyrði sem voru í samningi við Matvælastofnun og styrkti bændur um allt land til að afhenda á sem auðveldasta máta alla vinnsluhæfa ull til frekari vinnslu. Þeirri vinnsluhæfri ull var vel yfir 30% áfram unnin á Íslandi. Ekki hika að spyrja ef frekari upplýsinga er óskað um ullarsöfnun 2023.



Sigurður Sævar Gunnarsson
Framkvæmdastjóri Ístex